

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014, Kirkjuhvammur, Hvammstanga.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 12. september 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014, frá 9. júlí 2002.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Verslunar- og þjónustusvæði (V9) norðan við Kirkjuhvamm færast að íþróttasvæði og minnkar svæðið úr 0,5 ha í 0,15 ha.
2. Verslunar- og þjónustusvæði (V8) sunnan við tjaldstæði minnkar úr 0,7 ha í 0,55 ha.
3. Tengivegir að þjónustusvæðum breytast og verður nýr tengivegur að reiðhöll og hesthúsasvæði. Tengivegur austan íþróttaleikvangs og tengivegur yfir Brandsvöll eru felldir niður.
4. Útivistarsvæði til sérstakra nota (Ú10) stækkar til austurs um 18 ha og við það færast mörk þéttbýlis til austurs.
5. Við breytinguna við Kirkjuhvamm færast mörk þéttbýlis Hvammstanga austur.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfísráðuneytinu, 12. september 2007.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Logi Kjartansson.